

Gjaldeyrisviðskiptakerfi í Netbanka Arion banka

1. Veftré netbankans	2
2. Viðskiptatengsl.	2
3. Skrá nýjan viðtakanda.	3
4. Skrá <i>staka</i> greiðslu.....	5
5. Skrá margar greiðslur í eina greiðslumöppu.	7
6. Skrá nýja greiðslumöppu.	8
7. Kvittanir	8
8. Tölfræðiyfirlit.....	10
9. Væntanlengar Inkomnar erlendar greiðslur.....	11
10. Vefþjónusta fyrir Erlend viðskipti (B2B).....	12
11. Spurt og svarað	13

Gjaldeyrisviðskiptakerfi í Netbanka Arion banka

Hægt er að nýta Erlend viðskipti í netbanka til að greiða erlenda vörureikninga, með því móti sparast bæði fé og fyrirhöfn þar sem að viðskiptavinir sjá sjálfir um að millifæra á einfaldan og þægilegan hátt yfir á erlenda bankareikninga.

Kerfið er opið frá 9.15 til 16:00 (íslenskum tíma) þegar tekið er út af reikningi í íslenskri mynt en ef viðskiptavinir bankans eiga gjaldeyri á gjaldeyrisreikningum þá er hægt að greiða frá 9.15 til 20:45 (íslenskum tíma).

Helstu kostir kerfisins:


- Það tekur skemmri tíma að greiða í gegnum netbankann en að senda yfirfærslubeiðni til útibúsins.
- Símgreiðslur í gegnum gjaldeyriskerfið eru ódýrari en að senda í gegnum útibú, sjá [verðskrá](#).
- Allar aðgerðir eru á rauntíma.
- Kerfið vistar allar upplýsingar um móttakendur og auðvelt er að fletta þeim upp síðar.
- Mögulegt er að senda greiðslutilkynningu samstundis til móttakanda.
- Það er bæði hægt að millifæra beint af gjaldeyrisreikningum sem og af ISK reikningum.
- Kvittanir geymast í 7 ár.
- Almenna reglan er sú að allar símgreiðslur berast inn á reikning viðtakanda eftir 2 daga.
- Hægt er að velja **hraðsendingu** og berst þá greiðslan inn á reikning viðtakanda eftir 1 dag (T+1). Vinsamlegast athugið að það kostar aukalega, sjá [verðskrá](#) bankans hverju sinni.

1. Veftré netbankans

Erlend viðskipti
Viðskiptatengsl
Greiðslulisti
Kvittanir
Tölfræði
Athuga IBAN númer
Gengi gjaldmiðla

2. Viðskiptatengsl.

Byrjað er á því að velja **Erlend viðskipti** í veftrénu og því næst er smellt á **Viðskiptatengsl**.

Erlend viðskipti
Viðskiptatengsl 

Þegar smellt hefur verið á **Viðskiptatengsl** þá birtist listi yfir alla áður skráða erlenda viðtakendur og því þarf ekki að skrá bankaupplýsingarnar aftur.

Leit í viðskiptatengslum.

Leita eftir

Leitarstrengur

Birta

Leita

Eyða völdum

Skrá nýjan viðtakanda

Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar

VKnúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	
Skráð viðskiptatengsl					
VKnúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	Aðgerðir
▼ <input type="checkbox"/>	AAA BASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK	BE656565656565651	GBP	☰
▼ <input type="checkbox"/>	AAA MASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK	BE656565656565651	USD	☰
▼ <input type="checkbox"/>	AAA TRACE	DANSKE BANK A/S	DK4545454545454545	EUR	☰

Þægilegt getur verið þegar notendur eru með marga erlenda birgja skráða, að flýta fyrir og leita eftir nafni viðtakanda. Það nægir að skrá 3 til 4 stafi í nafni viðtakandans og smella á **Leita** þá birtir kerfið banka tengsli strax.

Viðskiptatengsl

Leit í viðskiptatengslum.

Leita eftir Leitarstrengur Birta

Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar

VKúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	
Skráð viðskiptatengsl					
VKúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	Aðgerðir
<input type="checkbox"/>	AAA BASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK)	BE656565656565651	GBP	<input type="button" value=""/>

3. Skrá nýjan viðtakanda.

Til að skrá nýjan viðtakanda þá er valið **Skrá nýjan viðtakanda** í valmyndinni **Viðskiptatengsl**.

Hvað ber að hafa í huga þegar nýr viðtakandi er skráður.

- Þessa aðgerð þarf einungis að framkvæma einu sinni fyrir hvern nýjan viðtakanda. Kerfið vistar bankaupplýsingarnar.
- Nafn móttakanda:** Hér skal skrá nákvæmlega, nafn viðtakanda, heimilisfang, borg. **ÞAÐ MÁ EKKI STYTTA NAFN MÓTTAKANDA**, það getur komið í veg fyrir að greiðslan berist á áfangastað með tilheyrandi aukakostnaði. Ef nafn viðtakanda er lengra en stafabilið í nafnadálknum þá skal einnig nota næsta dálk.
- Heimilisfang:** Hér verður einnig að skrá nákvæmt heimilisfang og borg viðtakanda.
- Land móttakanda:** Smella á fellilistann og velja land viðtakanda, það er einnig hægt að slá inn nafn lands til að flýta fyrir. Vinsamlegast athugið að landalistinn er á ensku samanber t.d. leita að Bretlandi þá slá inn United Kingdom.
- Mynt tengsla:** Hér er greiðslumyntin valin.
- Tilkynning í tölvupósti:** Hér er hægt að velja um að senda tilkynningu um greiðslu á 2 viðtakendur, hægt að velja um 14 tungumál
- IBAN reikningsnúmer:** Skrá IBAN reikningsnúmer ef banki viðtakanda er í Evrópu.
- Venjulegt reikningsnúmer:** Ef banki viðtakanda er í USA, Asíu, Afríku Ástralíu eða Canada þá er skráð reikningsnúmer (account number).
- SWIFT/BIC:** Hér er sleginn inn BIC /SWIFT kódi bankans og síðan er smellt á **SÆKJA**. Ef að kerfið skilar ekki niðurstöðu þegar slegin er inn uppgefinn SWIFT kóði þá skal hafa samband við foreignpayments@arionbanki.is
- Þegar smellt hefur verið takkann þá birtist fullt nafn banka hægra megin á valmyndinni og þá er að lokum smellt á **VISTA**.
- Nýskráð tengsl bíða síðan samþykktar og getur tekið allt að 20 mínútur.**


- Þegar notandinn hefur vistað nýskráð tengsl í gjaldeyriskerfið, þá birtast þau undir **VIÐSKIPTATENGL SEM BÍÐA SAMÞYKKTAR**. (sjá mynd hér að neðan)
- Ef allt lítur eðlilega út, mun bankinn samþykkja skráninguna og getur það tekið allt að 20 mínútur. Vinsamlega hafið samband við erlenda greiðslumiðlun: foreignpayments@arionbanki.is ef mikið liggur á að samþykkja viðskiptatengsl eða ef spurningar vakna.
- Þegar viðskiptatengslin hafa verið samþykkt þá er hægt að hefja greiðsluferlið. Smelltu á hnappinn lengst til hægri undir **AÐGERÐIR** og smella á “skrá greiðslu” þá opnast ný valmynd.

Viðskiptatengsl

Leit í viðskiptatengslum.

Leita eftir Leitarstrengur

Birta

Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar 

VKnúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt
	AAA BASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK)	BE656565656565651	GBP

Skráð viðskiptatengsl

	VKnúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	Aðgerðir
▼	<input type="checkbox"/>	AAA MASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK)	BE656565656565651	USD	<input "="" type="button" value="="/>
▼	<input type="checkbox"/>	AAA TRACE	DANSKE BANK A/S	DK4545454545454545	EUR	<input "="" type="button" value="="/>

4. Skrá staka greiðslu.

Þegar skrá skal eina greiðslu þá velur notandinn viðtakandann úr viðskiptamannalistanum og smellir á fellihnappinn **Aðgerðir** og smellir á **Skrá greiðslu**.

Viðskiptatengsl

Leit í viðskiptatengslum.

Leita eftir Leitarstrengur Birta

Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar

VKnúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	Aðgerðir
▼ <input type="checkbox"/>	AAA BASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK	BE656565656565651	EUR	<input type="button" value="Aðgerðir"/>
▼ <input type="checkbox"/>	AAA MASE	AXA BANK EUROPE (FORMERLY AXA BANK	BE656565656565651		<input type="button" value="Breyta"/> <input type="button" value="Eyða viðskiptatengslum"/> <input type="button" value="Skrá greiðslu"/>
▼ <input type="checkbox"/>	AAA TRACE	DANSKE BANK A/S	DK454545454545454		

Mikilvægt að hafa í huga þegar skrá á staka greiðslu

- **Móttakandi:** Skoða vel hvort réttur móttakandi hafi verið valin.
- **Greiðsla tilheyrir möppu:** Þarf ekki að skrá allar greiðslur í möppu þegar verið er að greiða staka greiðslu.
- **Gjaldlagi:** Sleppa
- **Flokkunarlyklar greiðslu:** Hér verður að velja réttan yfirfærsluflokk samkvæmt verklagsreglum Seðlabankans.
- **Hraðsending:** Hægt er að hraða greiðslu um einn dag (T+1). Vinsamlegast athugið að það er aukakostnaður sem leggst á greiðslu þegar senda á hraðsendingu, sjá [verðskrá](#) á heimasíðu bankans
- **Greiða erlendan bankakostnað:** Hægt er að fyrirframgreiða áfallin erlendan bankakostnað. Vinsamlegast athugið að þessi bankakostnaður bætist við heildarkostnað greiðslunnar, sjá [verðskrá](#) á heimasíðu bankans
- **Tilvísanir:** Skrá lýsandi upplýsingar t.d vörureikningsnúmer á **ensku** eða upplýsingar um fyrir hvað er verið að greiða.
- l) **Tilkynning í tölvupósti:** Greiðslutilkynning fer samstundis af stað um leið og greitt er. Hægt er að velja um að senda tilkynningu um greiðslu á 2 viðtakendur, hægt að velja um 14 tungumál
- **Greiða þessa greiðslu:** Smella á hnappinn til að komast í lokavalmyndina þar sem úttektarreikningur og leylinúmer er valið. Ef um samþykktarferli er að ræða, þá er hnappur "Senda í samþykktarferli"

Þegar smellt hefur verið á **Greiða greiðslu** þá skiptist valmyndin og lokaferlið hefst. Það þarf að byrja á því að velja úttektar reikninginn því næst er leylinúmerið skráð. Þegar smellt hefur verið á greiða greiðslu þá er greiðsluferlinu lokið. Greiðslan er send af stað til erlenda greiðslubankans og kvittun myndast samstundis undir **Kvittanir**.

Greiða greiðslu

Greiðandi		Greiðsluupplýsingar	
Nafn	Tilraunakennitala Arion banka	Dagsetning og tími	21.03.20 15:30:02
Kennitala		Gengi	
Heimili	Borgartúni 19	Fjöldi hreyfinga	1
Póstnúmer og staður	105 Reykjavík	Heildarupphæð	GBP 1,16 = ISK 158

Viðtakendur

Móttakandi	Gildisdags.	Upphæð	Mynt	Upphæð ISK	Kostnaður	Upph. m. kostn.	Teg.
AAA BASE	23.03.20	1,00	GBP	137 kr.	21 kr.	158 kr.	
Samtals		1,00	GBP	137 kr.	21 kr.	158 kr.	

Reikningur *

0301-26-66

kr.

Leyninúmer *

= Simgreiðsla = Senda sem tékka

Taka kostnað af reikningi
0323-26-

Hætta við

Greiða greiðslu

Ef taka á kostnað af öðrum reikningi þá þarf að skrá það sérstaklega í kerfum bankans til þess að hægt sé að framkvæma í netbanka.

Nánari upplýsingar um kvittun

Prenta

Eftirfarandi greiðsla hefur verið afgreidd

Greiðandi		Greiðsluupplýsingar	
Nafn	Tilraunakennitala Arion banka	Dags. framkvæmt	21.03.2017 15:37:40
Kennitala	660612-9980	Gengi	136,7380 (sérkjör)
Heimili	Borgartúni 19	Mynt	GBP
Póstnúmer og staður	105 Reykjavík	Upphæð skuldfærð	GBP 1,15 = ISK 158
Land	Ísland	Fjöldi hreyfinga	1
Skuldfærslureikningur	0301-26-660612	Númer hreyfingar	1033709
		Tilvísun á reikning	997563

Viðtakendur

VKNúmer	Móttakandi	Upphæð	Kostnaður	Upphæð ISK	Kostnaður ISK	Upph. m. kostn.	Aðgerðir
^	AAA BASE	GBP 1,00	GBP 0,15	137 kr.	21 kr.	158 kr.	Skoða kvittun
Tilvísun í vörureikning							
Inv. 145667, Inv 556622							
Heildarupphæð greiðslu í GBP						1,00	
Umreiknaður kostn. í GBP						0,15	
Heildarupphæð ISK						137,00	
Kostnaður ISK						21,00	
Samtals skuldfært af 0301-26-660612, ISK						158,00	

5. Skrá margar greiðslur í eina greiðslumöppu.

Hægt er að safna saman mörgum greiðslum, í sömu mynt, í eina greiðslumöppu og greiða þær allar í einni aðgerð síðar.

Skráningarferlið er nákvæmlega það sama og þegar greidd er stök greiðsla nema í stað þess að smella strax á “greiða” þá er hakað við að **Skrá fleiri greiðslur** og síðan er smellt á **Vista í valda möppu** og svo koll af kolli.

Til að greiða heila möppu er ýtt á Greiðslulistu og smellt á punktana þrjá fyrir aftan möppuna sem á að greiða og smellt á “Greiða allar greiðslur í mynt”, dæmi: Greiða allar greiðslur í USD.

Þegar um samþykktarferli í netbanka er að ræða þá fer greiðslan ekki undir “Útistandandi greiðslur” fyrr en búíð er að velja “Greiða allar greiðslur í viðeigandi mynt”

Hvað ber að hafa í huga þegar margar greiðslur eru skráðar í eina greiðslumöppu.

- **Greiðsla tilheyrir möppu:** Velja þá möppu sem greiðslan á bókast í (**Ekki velja möppuna Aðalmappa**)
- **Skrá fleiri greiðslur:** Mögulegt er að skrá margar greiðslur í fyrirfram valda möppu. Fyrst er smellt á “Skrá fleiri greiðslur” og síðan er smellt á
- **Vista í vald möppu:** og þá dettur notandinn aftur í **Viðskiptatengslin** þar sem að nýr viðtakandi greiðslu er valin og svo koll af kolli. Þegar búíð er að skrá allar greiðslu dagsins í möppuna þá er einungis smellt á **Vista í valda möppu** og þá er notandinn kominn yfir í **Greiðslubókina** þar sem er hægt að skoða möppuna.
- Undir **Aðgerðarflípanum** lengst til hægri er hægt að breyta, eyða greiðslum eða greiða eina og eina greiðslu úr möppunni.
- **Aðalmappan er alltaf til staðar og birtist hún alltaf opin efst í valmyndinni. Vinsamlega athugið að henni er ekki hægt að eyða.**

Skrá/breyta/skoða greiðslu

Móttakandi: AAA BASE Reikningsnúmer (IBAN): BE6565656565651

Upphæð: 100 GBP

Flokkunartykill greiðslu: Önnur vöruviðskipti

Hraðsending (Áætl. 28.03.2017) ATH Aukakost

Greiða erlendan bankakostnað ATH Aukakostn

Tilvísanir (vinsamlegast athugið að tilvísun verður að skra á ensku)

Inv.4447788 Inv.445566

Tilkynning 1 í tölvupósti: Finnsla

Tilkynning 2 í tölvupósti: Enska

Frjáls texti með tölvupósti

Skrá fleiri greiðslur

Vista í valda möppu Greiða þessa greiðslu

6. Skrá nýja greiðslumöppu.

Til að búa til nýja möppu er flipinn “**Ný mappa**” valinn og þá opnast skráningarbox “Nafn nýrrar möppu” þar sem hægt er að skrá möppuheiti t.d Daglegar greiðslur, EUR greiðslur, USD greiðslur o.s.f. og smella á “Skrá möppu”

Hér er gott að hafa í huga ef að nýskráð mappa á að innihalda launagreiðslur þá þarf að haka við **Ekki sýnileg öðrum notendum** til að forðast það að innihald möppunnar eða kvittanir séu sýnileg öðrum notendum. Mappan birtist svo í listanum og þá er hægt að hefja skráningu á greiðslum til að vista í valda möppu.

Taka kostnað vegna greiðslna í valinni möppu af reikningi 0323-26-201312

Möppurnar mínar

Nafn möppu	Elsti gjalddagi	Fjöldi greiðslna	Upphæð	Mynt	Aðgerðir
Aðalmappa		2	3,00	GBP, USD	=
Daglegt, allar myntir	28.02.2017	2	12,40	EUR	=
SamfTveir		2	84.493,00	SEK	=
VístMappa		9	28.502,50	EUR, NOK	=

Nafn nýrrar möppu

Ekki sýnileg öðrum notendum, t.d. ef mappa inniheldur launagreiðslur eða arðgreiðslur.

7. Kvittanir

Um leið og smellt hefur verið á greiða greiðslu þá myndast kvittun. Það er mögulegt að prenta út kvittun strax eftir greiðslu og einnig er hægt að sækja kvittanir síðar undir flípanum **Kvittanir** á veftrénu.

Erlend viðskipti

- Viðskiptatengsl
- Greiðslulisti
- Kvittanir

Yfirlit yfir kvittanir

Einfalt og þægilegt er að leita að kvittunum og geymast þær í 7 á aftur í tímann. Hér vistast kvittanir fyrir allar útsendar og innkomnar erlendar greiðslur. Vinsamlega athugið að skilgreina þarf rétt **Tímabil frá** og **Tímabil til** og smella síðan á **Leita**. Það er einnig mögulegt að leita að kvittunum vegna greiðslna til ákveðinna viðtakenda og þá er byrjað á því að velja tímabil og síðan nægir að skrá 3 til 4 stafi í nafni viðtakandans og smella á **Leita**. Valið er undir Tegund kvittunar hvort leita eigi að kvittunum fyrir útsendar símgreiðslur eða innkomnar erlendar greiðslur.

Kvittanaleit

[Prenta](#)

Engar kvittanir fundust, vinsamlegast breyttu leitarskilyrðum og leitaðu aftur.

Hér er hægt að leita að kvittunum eftir tímabili eða eftir nafni móttakanda, sendanda eða viðskiptakerfisnúmeri.

Tímabil frá

28.10.2019



Tímabil til

11.02.2020



Leitarstrengur 

accur

Tegund kvittunar

Símgreiðslur

Símgreiðslur

Innkomnar greiðslur




Upplýsingar

Fjármálafyrirtæki, sem hafa með höndum miðlun peningagreiðslna, kunna, á grundvelli löggjafar annarra ríkja eða vegna samningsskuldbindinga, að vera skyldug til að veita yfirlit um í ríkjum utan sem innan EES-svæðisins upplýsingar um greiðanda.

Tölfræði

Það er bæði einfalt og áhugavert að skoða tölfræði yfir framkvæmdar greiðslur í gegnum gjaldeyriskerfið.






8. Tölfræðiyfirlit.


Hér er byrjað á því að velja **Tímabil til og Tímabil frá**, síðan er valið úr fellilista tegund yfirlits. Hægt er að skoða viðskipti skipt eftir fyrirtækjum, löndum og myntum.

Tölfræðiyfirlit

Prenta

Hér geturðu skoðað tölfræði yfir viðskipti í gjaldeyriskerfinu.

Tímabil frá	Tímabil til	Tegund			
04.01.2018	05.02.2020	Viðskipti skipt eftir fyrirtækjum	Sækja		
Texti	Upphæð	Mynt	Upphæð ISK	Fjöldi	
+ Advent Sweden AB	2,00	EUR	267 kr.	2	 (64,81%)
+ Accura advokataktieselskab	1,00	EUR	127 kr.	1	 (30,83%)
+ Jenni Jensson	19,00	JPY	18 kr.	4	 (4,37%)



9. Væntanlegar Inkomnar erlendar greiðslur

Þegar erlend greiðsla berst bankanum þá birtast upplýsingar sama dag á forsíðuylirlitinu undir þjónustunni *Væntanlegar erlendar greiðslur*.

Væntanlegar erlendar greiðslur Prenta

Nafn móttakanda ^	Nafn greiðanda	Gildisdagsetning	Mynt	Erlend upphæð	Upphæð í ISK
TILRAUNAKENNITALA ARION BANKA	tilraunagreiðsla	05.01.2017	USD	USD 1,00	114 kr.
Samtals ISK					114 kr.

Tilkynning í tölvupósti um leið og erlend greiðsla berst.

Það er mögulegt að fá senda tilkynningu í tölvupósti um erlenda greiðslu strax og hún berst bankanum. Athugið að þetta er einungis tilkynning um *væntanlega* erlenda greiðslu og **peningurinn berst ekki inná reikning fyrir en á gildisdegi**.

Hægt er að stilla í netbankanum undir Stillingar – Almennt – Haka við “Fá sendan tölvupóst þegar erlend greiðsla berst”. Skrá þarf netfangið undir Stillingar – Almennt. Vista eftir að þetta hefur verið skráð.


 Arion banki

TILKYNNING UM VÆNTANLEGA ERLENDA GREIÐSLU

Þann 5. janúar var eftirfarandi greiðsla móttækin. Allar frekari upplýsingar má nálgast undir Erlend viðskipti í Netbanka Arion banka.

Greiðsluupplýsingar

Erlend upphæð	USD 1,00
Lagt inn á reikning	0301-38-
Gildisdagsetning	5. janúar 20
Bókunardagsetning	5. janúar 20
IBAS-tilvísun	C10000873206
Greiðslutilvísun	

Greiðandi

Nafn	tilraunagreiðsla
------	------------------

Móttakandi greiðslu

Nafn	TILRAUNAKENNITALA ARION BANKA
------	-------------------------------

10. Vefþjónusta fyrir Erlend viðskipti (B2B).

Þjónustan B2B er öflug samskiptatækni fyrir bókhaldskerfi fyrirtækja til að skiptast á upplýsingum til og frá banka. Nánast er eingöngu unnið í bókhaldskerfinu án viðkomu í netbankanum.

Hægt er að stunda öll helstu bankaviðskipti í gegnum B2B þjónustu Arion banka, beint úr bókhaldskerfinu, hvenær sem er.

Með innleiðingu B2B styttest vinnuferlar og aukið hagræði verður í bókhaldinu. Tímasparnaður eykst og líkur á villum verður mun minni. Aðeins er unnið í einu kerfi, þ.e. bókhaldskerfi viðkomandi fyrirtækis, sem leiðir til þess að villuhætta verður minni. B2B veitir rauntímasýn í bókhaldi sem eykur möguleika á að taka upplýstar ákvarðanir.

Nánari upplýsingar um þjónustuna er að finna á heimasíðu bankans á:

<https://www.arionbanki.is/fyrirtaeki/thjonusta/b2b/>, tæknihandbækur <https://ws.b2b.is/Services> eða hafa beint samband við arionbanki@arionbanki.is til að fá aðstoð.

Með innleiðingu B2B styttest vinnuferlar og aukið hagræði verður í bókhaldinu. Tímasparnaður eykst með því að senda greiðslur beint úr bókhaldskerfinu og lesa síðan kvittanir beint inn (svarskeyti) þannig að líkur á innsláttar villum verða mun minni. B2B veitir rauntímasýn í bókhaldi sem eykur möguleika á að taka upplýstar ákvarðanir.

Hér fyrir neðan koma upplýsingar um 3 vefþjónustur sem spara fyrirtækjum mikinn tíma og auka öryggi.



► Símgreiðslur:

Það fer mikill tími í það að skrá inn eina og eina greiðslu í gegnum gjaldeyriskerfið í netbankanum en með innleiðingu á B2B styttest vinnuferlar og aukið hagræði verður í bókhaldinu. Það er fljótlegt að taka saman greiðsluskrá dagsins og senda inn í netbankann og greiða þaðan, þegar greiðsluskráin hefur farið í gegn þá eru færslurnar/kvittanir lesnar inn í bókhaldið og útmerking á sér stað samstundis. Tímasparnaður eykst og líkur á villum verður mun minni.

► Millifærslur á milli gjaldeyrisreikninga:

Við bjóðum einnig upp á að millifæra á milli gjaldeyrisreikninga í bunkakeyfrslu í gegnum B2B. Í dag er það þannig að þegar millifært er á milli gjaldeyrisreikninga þá þarf að skrá eina og eina færslu í einu, með því að nota B2B kerfið þá er hægt að millifæra fleiri hundruð greiðslur á innan við mínútu.

► Erlend reikningsyfirlit:

Við bjóðum núna upp á að hægt er að lesa inn hreyfingaryfirlit erlendra bankareikninga þannig að móðurfélag hefur heildarsýn yfir lausafjárstöðu samstæðu.

11. Spurt og svarað

Ef ég hef spurningar varðandi þjónustuna, hvert leita ég eftir aðstoð.

Vinsamlega hafið samband við netfangið foreignpayments@arionbanki.is og fyrirspurn þinni verður svarað von bráðar.

Opnunartími kerfisins.

Þjónustan er opin frá 9.15 til 16:00 eða á opnunartíma bankans (íslenskum tíma) þegar greitt er af ISK reikningum en ef að viðskiptavinir bankans eiga gjaldeyris á IG reikningi þá er hægt að greiða frá 8:00 til 20:45 (íslenskum tíma)

Hvað tekur það langan tíma að koma greiðslunni til skila.

Greiðslur eru sendar í gegnum Alþjóðlegt greiðslumiðlunarkerfi og tekur það 2-3 virka bankadaga að berst inn á reikning móttakanda.

Get ég fengið flýtimeðferð á erlenda greiðslu (skemmri tíma en 2 daga).

Mögulegt er að haka við hraðsendingu í ferlinu, vinsamlegast athugið aukakostnað, skv. [verðskrá](#) bankans.

Hvað eru IBAN reikningsnúmer.

Í öllum löndum Evrópu er þess krafist að nota svokölluð IBAN reikningsnúmer ásamt BIC eða SWFT. Ef land bankasambandsins er í Evrópu þá verður að skrá IBAN reikningsnúmer viðkomandi.

Hvernig lítur IBAN reikningsnúmer út.

Hér er dæmi um IBAN númer í Þýskalandi: DE29350700300326120300 og yfirleitt er uppgengið BIC/SWIFT númer líka t.d. DEUTDEFF

Hvað geri ég ef IBAN reikningsnúmerið sem ég hef undir höndum er rangt.

Þá er nauðsynlegt að hafa samband við móttakanda greiðslunnar og fá uppgengið rétt IBAN reikningsnúmer annars á búast við því að greiðslunni verði skilað, aukakostnaður tekin af henni eða hún tafist um dagóðan tíma.

Hvaða með reikningsnúmer í Ameríku og Asíu, nota þeir IBAN.

Nei í USA og Asíu eru notuð hefðbundin reikningsnúmer t.d. 3785014065 og er það uppgengið sem account number.

Ef ég vil greiða allan kostnað sem hlýst af símgreiðslu, þannig að upphæðin fari óskert inn á reikning móttakanda.

Hægt er að óska eftir að sendandi greiði erlendan bankakostnað og það gert með því að haka við „greiða erlendan bankakostnað“ þegar verið er að skrá símgreiðsluna. Upphæð á þá að fara óskert til viðskiptavinar. Athugið samt að það geta verið undantekningar á þessu og hugsanlegt að það muni einhver kostnaður falla á viðskiptavin, kostnaður sem erlendi bankinn tekur.

Hvað geri ég ef að kerfið finnur ekki erl. bankann eftir SWIFT kódanum?

Hægt er að hafa samband við erlenda greiðslumiðlun foreignpayments@arionbanki.is og óska eftir aðstoð. Ástæður geta verið margþættar, t.d. banki er ekki til í kerfinu og þarf þá að stofna hann, viðskiptavinur er hugsanlega með rangar upplýsingar, viðskiptavinur notar leitina ekki rétt.

Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar.

Þegar viðskiptavinur hefur skráð ný tengsl í netbanka, þarf starfsmaður bankans að fara yfir skráningarupplýsingar og samþykkja eða kalla eftir frekari upplýsingum eftir því sem við á. Ef allt er í lagi, mun hann samþykkja skráninguna og tekur það ca. 15- 20 mínútur. Athuga að það getur tekið aðeins lengri tíma í kringum hádegisdag. Vinsamlega hafið samband við erlenda greiðslumiðlun ef liggur á að samþykkja viðskiptatengsl eða ef spurningar vakna. Það nægir að senda tölvupóst á deildina til að flýta fyrir skráningu.

Starfsmaður er með skoðunaraðgang á reikninga fyrirtækisins og vantar aðgang að gjaldeyriskerfi eða aðgang til að prenta út inkomnar erlendar kvittanir.

Prókúruhafi félags þarf að hafa samband við þjónustuver 444-7000 eða arionbanki@arionbanki.is til þess að biðja um að opnað sé fyrir gjaldeyriskerfið í netbanka. Skrifa þarf undir yfirlýsingu um opnun á gjaldeyriskerfinu í netbanka.

Hvað má fyrirtæki senda háa símgreiðslu út í gegnum netbanka?

Upphæðamörkin eru 50 milljónir per. mynt per. dag. Ekki er leyfilegt að hækka þá upphæð. Ef fyrirtæki á t.d. Evrum inni á reikningi hærri en 50 milljónir, er því leyfilegt að senda greiðslu í evrum með því að taka út af evrureikningi. Fyrirtæki getur því millifært af ISK reikningi í netbanka þegar upphæð er komin yfir 50 milljónir.

Er heimilt að kaupa gjaldeyri inn á gjaldeyrisreikning í gegnum netbanka Arion banka.

Já það er leyfilegt. Það er einfalt og þægilegt að geta keypt gjaldeyri og er það gert með því að smella á **Millifærslur á veftrénu** og velja ISK reikning sem úttektarreikning og gjaldeyrisreikning sem viðtökureikning. Það er engin gjaldtaka fyrir þessa þjónustu.

Hvað geri ég ef að viðtakandi greiðslu segist ekki vera búinn að fá greiðsluna inn á reikninginn sinn.

Það þarf að senda fyrirspurn í gegnum erlenda greiðslumiðlun bankans. Vinsamlega hafið samband við erlenda greiðslumiðlun og er best er að senda tölvupóst á foreignpayments@arionbanki.is og tilgreina:

- Kennitölu fyrirtækis sem sendir
- Út af hvaða reikningi greiðsla fór
- Dagsetning (getur séð hana á úttekt reiknings)
- Upphæð greiðslu í erlendri mynt

Ath kostnaður við að senda út skeyti út og spyrjast fyrir um greiðsluna erk skv. [verðskrá](#) bankans í kafla 7.4.3.

Viðskiptavinur segir að upplýsingar á símgreiðslu séu rangar t.d reikningsnúmer, banki móttakanda, nafn móttakanda, upphæð eða mynt

Það þarf að senda tölvupóst á erlenda greiðslumiðlun, foreignpayments@arionbanki.is með ósk um breytingu á símgreiðslu. Tilgreina þarf eftirfarandi:

Kennitölu fyrirtækis sem sendir

- Út af hvaða reikningi greiðsla fór
- Dagsetning (getur séð hana á úttekt reiknings)
- Upphæð greiðslu í erlendri mynt
- Breytingu á greiðslu – ath. Mjög mikilvægt að réttar upplýsingar komi fram. Fínt er að áframsenda viðhengi eða skeyti sem staðfestir breytingu.

Ath kostnaður við að senda út skeyti og breyta greiðslu er skv. [verðskrá](#) bankans í kafla 7.4.3.